

Landvernd

Ársskýrsla 2012-2013

Landvernd um land allt

Leikvangur Landverndar er landið allt. Það fer ekki á milli mála þegar verkefni samtakanna eru sett upp á myndrænan hátt, eins og á meðfylgjandi korti. Skólar á grænni grein eru 210 og starfsfólk verkefnisins hélt 58 kynningarfundum um allt land á liðnu ári auk þess sem það vann 70 úttektir og afhenti 70 Grænfána. Vöxtur hefur orðið í Bláfánaverkefninu og nú hafa sjö hafnir og badstrendur sótt um að fá að flagga fánanum. Í Jarðhita-verkefninu er unnið að fræðslu og kynningu vestan frá Reykjanesi austur að Mývatni. Á sviði náttúruverndar er unnið að fjölda verkefna um land allt, ýmist í formi ferða, umsagna, áskorana, umræðu í fjölmiðlum, samskiptum við sveitarstjórnir, ráðuneyti og Alþingi o.s.frv. Það má því með sannri segja að Landvernd sé landsamtök á sviði umhverfisverndar.

Umhverfisverndarfolk hefur unnið mikilvæga sigra á undanförunum árum. Þannig skrifuðu t.d. rúmlega 45.000 manns undir kröfu Umhverfisvina um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar árið 1999. Um 15.000 manns tóku þátt í Jökulsárgöngu niður Laugavegin gegn stóriðjustefnunni árið 2006 og 30.000 gestir sóttu Náttúrutónleika í Laugardal árið 2008.


Þannig getur náttúruverndarhreyfingin tekið glæsilega spretti. En því miður skortir stundum nokkuð á úthaldið. Þrátt fyrir að herferðir, undirskriftasafnanir og viðburðir hafi mikið að segja

þá verður umhverfisverndarbaráttan aldrei unnin í eitt skipti fyrir öll með slíkum aðferðum. Fjarri kastljósinu þarf að sinna síður spennandi verkefnum, en nauðsynlegum. Það þarf að fylgjast með fyrirætlanum orkufyrirtækja, stóriðju og sveitarfélaga. Hafa auga með því hvaða leyfi stofnanir veita og gæta að því hvaða framkvæmdir eru á leið í mat á umhverfisáhrifum. Veita Alþingi og ráðuneytum aðhald. Skrifa umsagnir og álit um áætlanir, skipulag og frumvörp. Umhverfisverndarbaráttan er því langhlaup fremur en spretthlaup.

Starfsemi umhverfisverndarhreyfingarinnar er borin uppi af áhugasömum einstaklingum í sjálfböðavinnu sem eru reiðubúnir til að leggja á sig mikla vinnu en sem neyðast svo til að hverfa frá baráttunni til að sinna vinnu og fjölskyldu. Hinumegin átakalínunnar vinnur vel launaður hópur sérfræðinga við að undirbúa næstu framkvæmdir. Þegar liðskipanin er svo ójöfn er hætt við að fari líkt og segir í ljóði Jóns úr Vör, að hamingjan búi í baráttunni, en vonbrigðin á vegarenda. Íslensk náttúra verður ekki varin af áhuga einum saman. Baráttan krefst skipulags, fjármagns og sérfræðiþekkingar.

Eitt mikilvægasta verkefni Landverndar er að búa svo um hnútana að hamingjan búi ekki bara í baráttunni, heldur einnig á leiðarenda.

Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar





Mývatn og Reykjanesskagi: Fundir - Gönguferðir - Ljósmyndabók - Undirskriftasöfnun - Umsagnir

Niðurstaða rammaáætlunar var áfangasigur í náttúruvernd. Stjórn Landverndar lýsti yfir ánægju með fjölda verðmætra svæða í verndarflokki, svo sem Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Friðland að Fjallabaki, Jökulsá á Fjöllum, efsta hluta Tungnár, Gjástykki, Bitru og Grændal. Að mati Landverndar hefðu fleiri svæði átt að færaast a.m.k. í biðflokk af ýmsum ástæðum. Á það ekki síst við um svæði á Reykjanesskaga og í Mývatnssveit. Í kjölfar samþykktar rammaáætlunar hefur Landvernd unnið að því að vekja athygli á verndargildi Mývatns og Reykjanesskaga og veita stjórnvöldum og orkufyrirtækjum aðhald vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðunum.

Stjórn Landverndar sendi stjórn Landsvirkjunar bréf í október þar sem farið var fram á að fyrirtækið stöðvaði framkvæmdir við fyrirhugaða Bjarnarflagsvirkjun þar til rammaáætlun yrði samþykkt og nýtt mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefði verið unnið, en núgildandi mat er nærri tíu ára. Á undanföllum tíu árum hafa orkufyrirtækin öðlast mikilvæga reynslu af rekstri jarðvarmavirkjana og umhverfisáhrifum þeirra sem gæti haft áhrif á niðurstöðu nýs umhverfismats. Í þessu sambandi benti stjórn Landverndar sérstaklega á mengun frá fyrirhugaðri virkjun, bæði affallsvatni og brennisteinsvetni. Einnig getur möguleg kæling á grunnvatnsstreymi í kjölfar orkuvinnslu minnkað kísilstreymi til Mývatns, sem er ein undirstaða fjölbreytts lífríkis vatnsins. Landvernd gaf almenningi kost á að taka undir þessar kröfur á vefsíðu samtakanna og þegar þetta er ritað hafa rúmlega 8.500 skráð nafn sitt á síðuna.

Landvernd sendi einnig skrifstofu Ramsarsamningsins erindi þar sem farið var fram á að samningurinn rannsakaði möguleg áhrif Bjarnarflagsvirkjunar á lífríki Mývatns. Í kjölfarið hefur skrifstofa Ramsar samningsins óskað eftir upplýsingum um málið frá íslenskum stjórnvöldum.

Landvernd tók þátt í útgáfu bókarinnar *Reykjanesskagi. Ruslatunnnan í Rammaáætlun*, sem gefin var þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum. Ellert Grétarsson náttúruljósmyndari er höfundur bókarinnar. Þá héldu Landvernd og Náttúruverndar-

samtök Suðvesturlands fjölmennan baráttufund í Tjarnarbíói þar sem virkjanahugmyndum var mótmælt. Auk þess frumsýndu félögin í Norræna húsinu *Krýsuvík - Náttúrufórnir í fólkvangi*, heimildamynd Ellerts Grétarssonar. Einnig stóð Landvernd fyrir gönguferðum um Hengilssvæðið og um vesturjaðar Reykjanessfólkvangs.

Landvernd sendi Skipulagsstofnun umsögn um tillögu HS-Orku að matsáætlun rannsóknaborhola í Eldvörpum. Einnig kærði Landvernd ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fráveita affallsvatns frá orkuverinu í Svartsengi til sjávar skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.




Fulltrúar náttúruverndarsamtaka afbenda forseta Alþingis bókina Reykjanesskagi. Ruslatunnnan í rammaáætlun. F.v. Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, Eydís Franzdóttir, stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands (NSVE), Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, Ellert Grétarsson, höfundur bókarinnar, og Jóhannes Agústsson, þáverandi formaður NSVE.

Skólar á grænni grein

Nú þegar tólfta starfsár verkefnisins Skólar á grænni grein er ríflega hálfnað hefur þeim árangri verið náð að 210 skólar á öllum skólastigum á um 230 starfsstöðvum eru skráðir til leiks.

Verkefnið nýtur mjög mikilla vinsælda og er nú mestur vöxtur í því meðal leikskóla. Alls eru tæp 46% leikskóla-barna og 54% grunnskóla-nemenda þátttakendur í verkefninu og rúmlega 34% allra framhaldsskólanema. Þá hafa nær allir háskólarnir sem ekki eru skráðir til leiks sýnt verkefninu áhuga. Rúm 78% þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu hafa fengið afhentan Grænfánann, alþjóðlega viðurkenningu Foundation for Environmental Education (FEE), en fáninn er afhentur til tveggja ára í senn fyrir góðan árangur á sviði umhverfismála.



Starfsfólk Skóla á grænni grein hefur haldið yfir 58 kynningarfundir og/eda námskeið á árinu í þátttökuskólum um land allt. Á árinu voru rúmlega 70 úttektir (og endurúttektir) framkvæmdar og um 70 Grænfánar afhentir í fyrsta sinn eða endurnýjaðir. Að fánaafhendingum komu tíu sjálfboðaliðar og vel-

unnarar ásamt starfsfólki Landverndar. Samhliða kynningu á verkefninu fyrir nýja þátttökuskóla, fræðslufundum fyrir starfsfólk skólanna í hverjum landshluta eða innan hvers skóla, hefur starfsfólk Skóla á grænni grein sinnt ráðgjöf og þjónustu í gegnum tölvupóst og síma.

Að beiðni Hagstofunnar hafa verið veittar tölulegar upplýsingar um verkefnið, en Hagstofan safnar nú upplýsingum um ýmsar aðgerðir í umhverfisstjórnun á Íslandi. Þar verða einnig tölur um Svansmerkt fyrirtæki, fyrirtæki með ISO 14001 vottun og fleira. Slíkt yfirlit verður birt á vef Hagstofunnar en síðar meir munu þessar upplýsingar nýtast við frekara mat og úrvinnslu á umhverfiskostnaði í samfélaginu.

Vegna þess hversu hratt verkefnið hefur vaxið á undanförunum árum var ákveðið á haustdögum 2012 að ráðast í heildarendurskoðun á verkefninu. Við endurskoðunina var leitað til þátttökuskólanna með annars vegar spurningakönnun sem send var á alla skólana og hins vegar þankahríðarfundum sem haldnir voru í Kópavogi og á Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum og er nú verið að ljúka vinnu við markmið og verkáætlun til næstu þriggja ára sem byggir á endurskoðuninni.



T.v. Gerður Magnúsdóttir verkefnisstjóri og Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri í heimsókn í Háskólanum á Akureyri.
T.h. Afhending hjá Náttúruskóla Reykjavíkur.

Bláfáni í sókn

Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er smábátahöfnum og baðströndum fyrir markvissa umhverfisstjórnun, góða þjónustu og vandaða upplýsingagjöf um aðbúnað og umhverfi. Mikilvægur liður í bláfánaverkefninu er að efla almenna umhverfisvitund og er það gert með fræðslu og góðu aðgengi að upplýsingum um náttúruleg vistkerfi á bláfánastaðum. Umhverfisfræðslusamtökin Foundation for Environmental Education (FEE) standa að viðurkenningunni en samtökin halda einnig utan um umhverfismenntaverkefnið Skólar á grænni grein sem Landvernd rekur hérlendis.

Bláfánaverkefnið er útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum og á heimsvísu flagga 3.850 staðir fánanum í 46 löndum. Fyrsti Bláfáninn á Íslandi var dreginn að húni sumarið 2003 og alls hafa sex staðir á Íslandi hlotið Bláfánann, þ.e. Stykkishólshöfn, Hafnarhólmahöfn á Borgarfirði

eystri, Bláa lónið, Suðureyrarhöfn, Arnarstapahöfn og Nauthólsvík, en í fyrra flögguðu þrjár fyrstnefndu staðirnir fánanum. Tvö hvalaskoðunarfyrirtæki, Elding og Sérferðir í Reykjavíkurborg, hafa undirritað yfirlýsingu Bláfánans um vistvæna starfshætti og flagga svokallaðri Bláfánaveifu. Bláfánaveifur eru ekki það sama og eiginlegur Bláfáni og lúta ekki sömu ströngu reglum, heldur gefa þær fyrirheit um að smábátæigendur og eigendur, skipstjórar og áhafnir hvalaskoðunarskipa ætli að taka umhverfismálin föstum tókum.


Starfsemi verkefnisins var nokkuð viðameiri í ár en árin á undan og kom þar helst til aukin vinna við kortlagningu og flokkun smábátahafna og baðstranda eftir möguleikum þeirra til að standast viðmið Bláfánans og gerast þátttakendur í verkefninu. Á grundvelli þessarar vinnu hófst samstarf við fjóra nýja þátttakendur og í febrúar á þessu ári sóttu alls sjö rekstraraðilar um Bláfánann.

Fyrir á þessu ári bættust tveir nýir stýrihópsfélagar í hópinn en hlutverk stýrihópsins er að veita faglega leiðsögn í verkefninu ásamt því að sinna störfum innlendrar dómnefndar. Fyrsta fréttabréf Bláfánans leit dagsins ljós og ný alþjóðleg handbók umhverfisfræðsluverkefna kom út á vegum FEE. Alþjóðlegt smáforrit fyrir snjallsíma var hannað fyrir Bláfánann á árinu en með forritinu er hægt að finna og staðsetja bláfánastaði í öllum þeim 46 löndum sem Bláfánanum er flaggað.

Helstu verkefni framundan er áframhaldandi vinna við að fjölga þátttakendum í verkefninu en markmið Landverndar er að fjöldi handhafa Bláfánans verði tíu á næsta ári. Mikilvægt er að kynna Bláfánann út á við og stefnt er að því að endurnýja kynningarbækling og annað fræðsluefni. Heimasiða Bláfánans hefur verið eflað og hafin er söfnun á fræðsluverkefnum bláfánastaða til að auka og einfalda aðgengi að fjölbreyttum umhverfismenntaverkefnum.



Bláfánaafþending í Bláa lóninu.



Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar

Landvernd sendi frá sér fjölda ályktana, yfirlýsinga og áskorana á starfsárinu.

Komið verði í veg fyrir meira en 1,5°C hlýnun Jarðar
Aðalfundur Landverndar 2012 hvatti ríkisstjórn Íslands til að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði í veg fyrir að meðalhitastig Jarðar hækki um meira en 1,5 gráður á celsíus.


Sameiginlegt umhverfismat háspennulína
Aðalfundur Landverndar 2012 ályktaði að sameiginlegt umhverfismat ætti að fara fram á fyrirhugaðri uppbyggingu hringtengingar raforkuflutningskerfisins á Íslandi (byggðalínuhingsins) og lagðist alfarið gegn byggingu háspennulína á hálendi Íslands.

Afgreiða beri rammaáætlun
Aðalfundur Landverndar 2012 skoraði á Alþingi Íslendinga að afgreiða þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Aðalfundurinn ítrekaði fyrri sjónarmið samtakanna að ákveðnar virkjunarhugmyndir ætti að fara úr orkunýtingarflokki, m.a. á verðmætum náttúrusvæðum s.s. á Reykjaneskaga.

Stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands
Aðalfundur Landverndar 2012 skoraði á umhverfisráðherra að hefja nú þegar undirbúning fríðlýsingar miðhálandisins sem einnar heildar með stofnun þjóðgarðs að markmiði. Aðalfundurinn lýsti einnig yfir ánægju með tillögur ráðherra til Alþingis þar sem virkjanasvæði við Skrokköldu og Hágöngur voru færð úr virkjanaflokki í biðflokk rammaáætlunar.

Reykjanesfólkvangur verði án virkjana
Fjölmennur baráttufundur um vernd náttúrusvæða á Reykjaneskaga í maí 2012 hvatti þingmenn til að endurskoða fyrirbyggjandi tillögur rammaáætlunar um Reykjaneskaga.

Ramsar þrýsti á íslensk stjórnvöld vegna Bjarnarflagsvirkjunar
Landvernd og Fuglavernd sendu skrifstofu Ramsarsamningsins erindi í september 2012 þess efnis að skrifstofan kræfi íslensk stjórnvöld um upplýsingar um þær hættur sem vistkerfi Mývatns og Laxár stafi af fyrirhugaðri Bjarnarflagsvirkjun. Jafnframt að stjórnvöld taki til skoðunar hvort tilnefna beri svæðið á Montreux valista samningsins fyrir svæði sem sérstök hætta steðjar að og krefja íslensk stjórnvöld um viðurandi eftirlit og vöktun á lífríki Mývatns ef af framkvæmdum verður.



Landsvirkjun endurvinni umhverfismat
Stjórn Landverndar sendi stjórn Landsvirkjunar bréf í október 2012 þar sem farið var fram á að fyrirtækið stöðvaði framkvæmdir við fyrirhugaða 45-90 MW Bjarnarflagsvirkjun. Jafnframt var farið fram á að umhverfismat fyrir virkjunina yrði endurunnið í ljósi reynslu af rekstri jarðvarmavera undanfarin ár og óvissu um áhrif Bjarnarflagsvirkjunar á lífríki Mývatns og heilsu fólks á svæðinu.

Samþykkt rammaáætlunar áfangasigur í náttúruvernd
Landvernd áleit samþykkt rammaáætlunar áfangasigur í náttúruvernd á Íslandi, en þó þyrfti enn að tryggja vernd hálendis Íslands með fríðlýsingu svæðisins gegn frekari uppbyggingu í orkuiðnaði. Samtökin ítrekuðu það mat sitt að fleiri virkjanahugmyndir í jarðvarma færu úr nýtingarflokki í biðflokk og að svæði með hátt náttúruverndargildi eins og vatnasvið jökulsáanna í Skagafirði og Hólmsár og Skaftár í Skaftárhreppi yrðu settar í verndarflokk í næsta áfanga rammaáætlunar.

Skorað á Alþingi að samþykkja frumvarp til laga um náttúruvernd
Landvernd skoraði á alþingismenn að samþykkja frumvarp til laga um náttúruvernd á nýafstöðnu þingi. Samtökin lýstu sig í flestum atriðum sammála frumvarpinu og fögnuðu ýmsum nýmælum þess, m.a. kafla um meginreglur, heimild til fríðlýsingar heilla vatnasviða o.fl.

Lagarfljótssagan endurtaki sig ekki við Mývatn
Stjórn Landverndar undirstrikaði nauðsyn þess að fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir þegar ákvarðanir um stórframkvæmdir eru teknar og vísindalegar niðurstöður séu virtar, ólíkt því sem viðhaft var við ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun. Samtökin vörðu við því að sagan endurtæki sig vegna Bjarnarflagsvirkjunar við Mývatn og kröfðu íslensk stjórnvöld um að standa vörð um svæðið.

Dragi úr losun „black carbon“ kolefnis
Landvernd og nokkur önnur frjáls félagasamtök á Norðurlóðum sendu frá sér sameiginlega ályktun um málefni Norðurheimsskautsins. Þar voru umhverfisráðherrar á Norðurlóðum hvattir til að leggja aukna áherslu á að draga úr losun kolefnis sem til verður við ófullkominn bruna jarðefnaeldsneytis, lífeldsneytis og lífmassa (e. black carbon).

Rannsóknir á þverun fjarða verði auknar
Stjórn Landverndar hvatti stjórnvöld til að grípa til tafarlausa aðgerða í Kolgráfafirði til að afstýra frekara umhverfisslysi þegar síld drapst í umvörpum í febrúar 2013. Stjórnin fór fram á að rannsókuð yrðu möguleg tengsl þverunar fjarðarinnar við síldardauða og að áhrif þverana fjarða á lífríki þeirra verði rannsökuð ítarlegar en gert hefur verið hingað til, m.a. þeirra fimm fjarða á verndarsvæði Breiðafjarðar sem fyrirhugað er að þvera.

Fríða ber Gálgahraun fyrir veglagningu
Stjórn Landverndar studdi baráttufund Hraunavina fyrir verndun Gálgahrauns og tók sérstaklega undir áskoran þeirra til Alþingis um að fresta fjárframlögum til framkvæmdarinnar uns nýtt vegarstæði hafi verið valið sem samræmist nútíma-sjónarmiðum um umhverfisvernd.



Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd á háhitasvæðum

Landvernd hleypti þessu verkefni af stokkunum í upphafi árs 2012. Það er hugsað sem fyrsti hluti af langtíma-verkefni um verndun jarðhita á Íslandi.

Hérlendis er að finna stórbrotin og sérstök jarðhitasvæði sem eiga fáa sína líka í heiminum. Fjölbreytileiki svæðanna er mikill, hvort sem horft er til jarðfræði og steindafræði þeirra eða líffræði.

Kannanir hafa sýnt að yfir 80% erlendra ferðamanna nefna náttúru Íslands sem helsta aðdráttarafli landsins og þar leika jarðhitasvæði stórt hlutverk.

Mikill áhugi er á að þróa náttúrutengda ferðapjónustu á Íslandi í átt að sjálfbærni. Meginmarkmið þessa verkefnis er að stuðla að verndun viðkvæmrar náttúru háhitasvæða og renna styrkari stöðum undir sjálfbæra ferðamennsku á slíkum svæðum.


Verkefninu er ætlað að ná þessum markmiðum með því að auka fræðslu til ferðamanna um hið einstaka landslag, jarðfræði og líffræði íslenskra háhitasvæða, náttúruverndargildi þeirra og mikilvægi ábyrgtar umgengni ásamt því

að auka öryggi ferðamanna með betri upplýsingum um aðgengi og umgengni. Háhitasvæði eru sérlega viðkvæm fyrir átroðningi og umferð og Landvernd telur afar mikilvægt að tryggja vernd þessara einstöku auðlinda okkar þannig að Íslendingar, erlendir gestir okkar og komandi kynslóðir geti notið þeirra líka.

Jarðhitaverkefninu er skipt í fimm verkþætti: Skoðunarferðir, útgáfu fræðsluefnis, gerð upplýsingaskilta, ráðstefnur og gerð stuttra myndskaiða. Sumarið 2012 var farið í þrjár mjög vel heppnaðar skoðunarferðir, á Reykjanesskaga, í Vonarskarð og á Hengilssvæðið og sumarið 2013 verður farið á Reykjanesskaga, í Mývatnssveit og Öskju, Vestur-Skaftafellssýslu og á Hengilssvæðið. Gerð skilta og bæklinga um háhitasvæði í Vonarskarði er lokið og vinna er hafin við gerð fræðsluefnis í Kerlingarfjöllum og Reykjadal í Ölfusi. Vel sótt ráðstefna um sjálfbæra ferðamennsku og náttúruvernd á jarðhitasvæðum var haldin í Nauthóli við Nauthólsvík í maí 2012. Þar var fjallað um jarðfræði, líffræði og

náttúruverndargildi háhitasvæða hér og erlendis og um öryggismál ferðamanna. Þann 7. maí 2013 verður haldið málþing á Þjóðminjasafni Íslands um þróun sjálfbærrar ferðapjónustu á háhitasvæðum þar sem m.a. nýsjálenskir sérfræðingar munu gefa dæmi frá heimalandi sínu. Þann 9. maí verður málþingið endurtekið í Mývatnssveit.

Helstu samstarfsaðilar í verkefninu eru Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsbjörg og Ferðafélag Íslands, auk landeigenda eða forráðamanna þeirra svæða sem unnið er á, m.a. Vatnajökulsþjóðgarður, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Landbúnaðarháskóli Íslands að Reykjum og Fannborg í Kerlingarfjöllum.





Gönguferðir: Reykjanesfólkvangur - Vonarskarð - Hengilssvæðið - Ingólfsfjall og Öndverðarnes

Vesturjaðar Reykjanesfólkvangs

Farið var í þrjár göngur um jarðhitasvæði í samstarfi við Ferðafélag Íslands sumarið 2012. Í byrjun júní var farið í dagsferð um vesturjaðar Reykjanesfólkvangs, allt frá Sogum suðvestur með Núpshlíðarhálsi, um Selsvelli að Sandfelli. Áhersla var á einkenni jarðhitasvæðanna, náttúrufar og sögu svæðisins. Leiðsögumaður var Reynir Ingibjartsson göngubókahöfundur.

Vonarskarð

Önnur ferð Landverndar og FÍ var farin í ágúst í Vonarskarð þar sem eldstöðvar yfir heita reitnum á Íslandi voru skoðaðar og hið tiltölulega litla en afar fjölbreytta háhitasvæði. Leiðsögumaður var Kristján Jónasson, jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Köldulaugagil – Hagavíkurlaugar – Stangarháls

Síðasta ferðin á háhitasvæði var dagsferð á Hengilssvæðið undir leiðsögn Einars Gunnlaugssonar á Orkuveitu Reykjavíkur og Jóns S. Ólafssonar, vatnalíffræðings á Veidimálastofnun. Gengið var frá Nesjavöllum og upp í Köldulaugagil og þaðan yfir að Hagavíkurlaugum. Að lokum var gengið norður Stangarháls og aftur að Nesjavöllum.


Ingólfsfjall og Öndverðarnes

Þrjár göngur voru skipulagðar á Ingólfsfjall í sumar og þrjár um Öndverðarnes. Farið var frá húsakynnum Landverndar í Alviðru í Ölfusi og rætt um sögu og náttúru svæðisins. Leiðsögumaður var Eiríkur Valdimarsson, þjóðfræðingur og landvörður.

Lítill stuðningur við mannvirki á hálendinu

Rúmur þriðjungur almennings er andvígur fyrirhugaðri háspennulínu Landsnets yfir hálendið um Sprengisand, en nokkru færri, eða 28,6%, eru henni fylgjandi. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup vann fyrir Landvernd.

Í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir tæpu ári reyndust 56% hlynt því að þjóðgarður yrði stofnaður á miðhálendinu en 17,8% voru því andvíg. Lítill stuðningur er því meðal almennings við virkjanaáform og byggingu háspennulína á hálendinu.



Spurt var: Ertu fylgjandi eða andvíg(ur) því að lögð verði háspennulína yfir hálendið um Sprengisand?



Fundir: Frá vitund til verka - Sjálfbær ferðamennska - Reykjanesskagi - Menntun - Náttúruvernd - Krýsuvík

Fyrirlestraröðin *Frá vitund til verka*

Landvernd og Norræna húsið stóðu fyrir fyrirlestraröð um viðhorfsbreytingu í umhverfismálum í vetur. Fimm fyrirlestrar voru á starfsárinu og fleiri fyrirhugaðir í vor og haust.

- Páll Jakob Líndal, doktorsnemi við Háskólann í Sydney, reið á vaðið og ræddi um umhverfissálfræði: „Næring náttúrunnar – rómantik eða raunveruleiki?“.
- Shelley McIvor, hjá Global Action Plan í London, ræddi um hvernig mætti hafa áhrif á hegðun fólks: „Changing behaviour – The key to engaging people in environmental change“.
- Helena Óladóttir, hjá Náttúruskóla Reykjavíkur, talaði um menntun til sjálfbærni í íslenskum skólum: „Menntun til sjálfbærrar framtíðar“.
- Bjarki Valtýsson, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, fjallaði um hvernig veraldarvefurinn og félagsmiðlar væru notaðir til að koma málstað á framfæri: „Allt online? Félagsmiðlar og umhverfisvernd“.
- Guðrún A. Tryggvadóttir og Einar Bergmundur Arnbjörns-son hjá Náttúran.is töluðu um reynslu sína af því að byggja upp umhverfisfræðsluvef og hvað hann byði upp á: „Náttúran á umbrotatímum“.

21.5.2012 Sjálfbær ferðamennska og náttúruvernd á háhitasvæðum

Í tengslum við jarðhitaverkefni Landverndar héldu samtökin málþing um jarðfræði, líffræði og náttúruverndargildi háhitasvæða. Auk þessa var fjallað um öryggismál ferðamanna og hvernig ferðaþjónustan og útivistarhópar nýta háhitasvæði.

30.5.2012 Baráttufundur um Reykjanesskaga

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands efndu til baráttufundar um vernd náttúrusvæða á Reykjanesskaga. Farið var yfir sérstöðu jarðfræði svæðisins, áhrif virkjana, áhrif á úti- vist og fjallað um tækifæri sem fælust í eldfjallaþjóðgarði. Framsögumenn voru Sigmundur Einarsson, jarðfræðingur, Ellert Grétarsson, náttúruljósmyndari og leiðsögumaður, og Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur. Á eftir framsöguerindum tóku við pallborðsumræður með fulltrúum þingflokka.

6.11.2012 Menntun til sjálfbærrar þróunar

Dr. Maryse Clary, lektor við háskólann í Aix-Marseille í Frakklandi flutti fyrirlesturinn: „Education for sustainable development – a multifaceted education“ á vegum Landverndar og Franska sendiráðsins. Fyrirlesturinn fjallaði um þá áskorun sem felst í sjálfbærri þróun, sérstaklega þegar kemur að þjálfun kennara og nemenda.

10.1.2013 Krýsuvík – Náttúruforðir í fólkvangi

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands og Landvernd stóðu fyrir frumsýningu á nýrri fræðslu- og heimildamynd eftir Ellert Grétarsson náttúruljósmyndara. Í henni er fjallað um náttúru og sögu Krýsuvíkur og annarra svæða innan Reykjaness- fólkvangs sem til stendur að taka undir virkjanir.

18.2.2013 Frumvarp að nýjum náttúruverndarlögum

Landvernd og Stofnun Sæmundar fróða við HÍ efndu til fundar um frumvarp að náttúruverndarlögum. Rætt var um forsendur breytinga á löggjöfni og helstu breytingar miðað við nú- verandi lög. Fundinum lauk með pallborði og umræðum.



Fulltrúar þingflokka sátu fyrir svörum á baráttufundi um Reykjanesskaga. T.v. Sigríður Þorgeirsdóttir, stjórnandi umræðu, Árni Johnsen, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Mördur Arnason og Þór Saari.

Stiklur úr fjölmiðlum

18.11.2012: Það verða ekki reist fleiri álver

Formaður Landverndar: „Segjum sem svo að við settum okkur við að það verði ekki byggð fleiri álver þá hefur það mjög jákvæð áhrif á alla umræðu um náttúruvernd og virkjanamál í landinu vegna þess að álverin eru slíkir risar inni á þessum markaði. ... Það eru þessir stóru bitar sem er verið að þvinga ofan í kokið á þjóðinni sem hefur þau áhrif að það verða svona mikil átök um náttúruvernd og virkjanir. Um leið og við hættum að tala um álver og einbeitum okkur að öðrum tegundum iðnaðar þá hefur það jákvæð áhrif á andlega heilsu þjóðarinnar. Það er að segja það dregur úr þessum gríðarlega hörðu átökum.“ - Silfur Egils.

24.11.2012: Loftmengun og Bjarnarflagsvirkjun

Framkvæmdastjóri Landverndar: „Í tilfelli Bjarnarflagsvirkjunar verður framkvæmdaaðili að sýna fram á áður en ráðist er í framkvæmdir hvornig eigi að leysa það að magn brennisteinsvetnis er talið fara yfir mörk 55 daga á ári. Þetta er ein ástæða þess að Landvernd hefur farið fram á við Landsvirkjun að fyrir-tækið endurtaki umhverfismat virkjunarinnar.“ - Fréttablaðið.

14.12.2012: Virkjun við Mývatn

Framkvæmdastjóri Landverndar: „Landvernd telur það algerlega óásætlanlegt fyrir íbúa í Mývatnssveit, ferðamenn og alla Íslendinga ef loftgæði spillast eða vistkerfi Mývatns spillist.“ - Akureyri, vikublað.

9.1.2013: Umhverfisáhrif olíuvinnslu

Formaður Landverndar: „Ef við ætlum að forðast alvarlegar loftslagsbreytingar í heiminum, mjög alvarlegar loftslagsbreytingar, þá megum við aðeins nota 20% af því jarðefnaeldsneyti sem við höfum nú þegar fundið í jarðskorpunni, þ.e.a.s. olíu, kolum og gasi. ... Í mínum huga er það algjörlega órókrétt, vitandi þetta, að leita að meiri olíu til að brenna.“ - Í bítíð á Bylgjunni.

5.2.2013: Síldardauði í Kolgrafafirði

„Stjórn Landverndar hvetur stjórnvöld til að grípa til tafarlausráðgerða í Kolgrafafirði til að afstýra frekara umhverfisslysi en nú þegar er orðið. Samtökin taka undir mat sveitarstjórnarfólks í Grundarfirði, sérfræðinga Náttúrustofu Vesturlands og fleiri um að leita þurfi allra mögulegra leiða til að hreinsa fjöruna til að koma í veg fyrir frekari lyktar- og grútarmengun.“ - Mbl.is.

14.2.2013: Langisandur sækir um Bláfánann

„Við vonum það besta með umsóknina, enda yrði það mikill hagur fyrir svæðið, okkur og sveitarfélagið að fá þessa viðurkenningu,“ segir Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri Akraneskaupstaðar.“ - Skessuhorn.

18.2.2013: Um náttúruverndarfrumvarp

Framkvæmdastjóri Landverndar: „Hins vegar þá þarf leyfisveitandi ekki að fara eftir áliti fagstofnunar og hann getur gengið gegn því áliti með því að rökstyðja það. Þannig að okkar tillaga er sú að álit fagaðila verði bindandi fyrir leyfisveitandann.“ - Fréttir RÚV.

20.2.2013: Útflutningur rafmagns um sæstreng

„Geothermal energy, Mr. Gudbrandsson said, is “certainly cleaner than coal, gas or oil” in terms of the carbon emissions that contribute to global warming. But building huge plants to harness it, often in remote, vulnerable areas, “definitely hurts the environment.” - The New York Times.

21.2.2013: Um eignarnámskröfu vegna Suðvesturlínu

Formaður Landverndar: „Það er engin þörf á 220 kV línu þessa leið nema að það risi álver. Og það liggur ekki fyrir nein ákvörðun um það að það risi álver í Helguvík.“ Guðmundur segir hyggilegra að bíða uns ljóst er með Helguvík því ef ekkert verði af þeirri framkvæmd sé nóg að leggja minni línu og notast þá við jarðstreng.“ - Fréttir Stöðvar 2.

28.2.2013: Fögnuðu Grænfána með dansi

„Fagnaðarlæti brutust út í Grunnskóla Seltjarnarness í morgun þegar skólinn hlaut Grænfánann öðru sinni. Allir nemendur og kennarar söfnuðust saman í Valhúsaskóla og tóku þátt í kraftmiklum Harlem Shake dansi. Að því loknu var fáninn afhentur formlega og dreginn að húni að viðstöddum stoltum nemendum og kennurum.“ - Mbl.is.

7.3.2013: Ríkisstuðningur við stóriðju

„Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, tekur undir það. Langt sé gengið í að styðja við stóriðjuframkvæmdir, sem og einstaka fyrirtæki. „Í uppsiglingu er líklega stærsti kosningavíxill sem nokkru sinni hefur verið gefinn út,“ segir hann.“ - Fréttablaðið.

12.3.2013: Lærum af Lagarfjótí

„Guðmundur Ingi sagði í Síðdegisúvarpinu að læra þyrfti af Kárahnjúkamálinu í heild sinni, ekki bara því sem snýr að Lagarfjótí. Landvernd fer í yfirlýsingu í dag fram á að íslensk stjórnvöld sýni ábyrgð í umgengni við Mývatns- og Laxársvæðið og tryggi að framkvæmdir Landsvirkjunar við Bjarnarflagsvirkjun verði stöðvaðar þangað til óvissu um áhrif virkjunarinnar á lífríki svæðisins og heilsu fólks hefur verið eytt.“ - Síðdegisúvarp RÚV.

25.3.2013: Um Bjarnarflagsvirkjun

„Etwa die Anlage Bjarnarflag nahe dem fischreichen und touristisch wichtigen Myvatn-See im Norden...Was das für das Ökosystem im See bedeute, sei nicht ausreichend geklärt, sagt ein Sprecher des Umweltschutzverbands Landsvernd.“ - Süddeutsche Zeitung.

29.3.2013: Orkuöflun fyrir Bakka

„Guðmundur Hörður segir mjög óeðlilegt að virkja í Bjarnarflagi áður en gengið verði úr skugga um að virkjunin ógni ekki lífríki Mývatns. Því verði að gera nýtt umhverfismat. „Okkar krafa er áfram sú að menn hægi þarna á og fari þá í orkuöflun annars staðar heldur en við Mývatn fyrir þessa stóriðju á Bakka.“ - Fréttir RÚV.

Stjórn og starfsfólk 2012-2013



Stjórn og starfsfólk Landverndar á fundi í Norræna húsinu. Aftari röð frá vinstri: Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, Rannveig Magnúsdóttir, verkefnisstjóri jarðhitaverkefnis, Jón S. Ólafsson stjórnarmaður, Haukur Agnarsson stjórnarmaður, Guðmundur Hörður Guðmundsson formaður, Einar Bergmundur Arnbjörnsson stjórnarmaður og Sveinbjörn Björnsson, formaður verkefnastjórnar jarðhitaverkefnis. Fremri röð frá vinstri: Anna G. Sverrisdóttir stjórnarmaður, Salome Hallfreðsdóttir, verkefnisstjóri Bláfána og starfsmaður Skóla á grænni grein, Helena Óladóttir stjórnarmaður, Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir starfsnemi, Jóna Fanney Friðriksdóttir stjórnarmaður, Gerður Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Skóla á grænni grein, Fríða Björg Eðvarðsdóttir stjórnarmaður og Helga Ögmundardóttir stjórnarmaður.

Á myndina vantar Hrefnu Sigurjónsdóttur varaformann, Hrefnu Einarsdóttur bókarar, Orra Pál Jóhannsson, fyrrverandi verkefnisstjóra Skóla á grænni grein, Birnu Bjargardóttur, fyrrverandi verkefnisstjóra jarðhitaverkefnis, Eirík Valdimarsson, landvörð í Alviðru og Bryndísi Woods starfsnema.

Fræðsla og vistheimt örfoka lands

Landvernd fékk arf á árinu 2012 eftir Áslaugu Hafliðadóttur, lyfjafræðing í Reykjavík, sem ætlað er að nota til uppgræðslu örfoka lands á Suðurlandi. Ákveðið var að nýta fjármagnið í uppbyggingu langtímaverkefnis á sviði fræðslu og þátttöku grunnskólanema í vistheimt (landgræðslu). Þátttökuskólar eru Grunnskólinn á Hellu, Hvolsskóli og Þjórsárskóli, sem allir eru gránfánaskólar. Landgræðsla ríkisins er einnig samstarfsaðili.

Verkefnið snýst um vistheimt og mikilvægi hennar fyrir stöðvun jarðvegseyðingar, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og baráttuna við loftslagsbreytingar. Nemendur eldri deilda grunnskólanna munu undir leiðsögn kennara, starfsfólks Landverndar og Landgræðslu ríkisins setja upp tilraunasvæði í vistheimt (landgræðslu) á örfoka landi á Suðurlandi. Nemendur munu mæla gróðurþekju, kanna smádyralíf og ýmsa umhverfisþætti áður en vistheimtaraðgerðir hefjast til að

geta metið árangur þeirra eftir á. Þeir munu fylgjast með breytingum á gróður- og dýrasamfélögum og líffræðilegri fjölbreytni svæðanna og reikna út hve mikið kolefni úr andrúmslofti binst með aðgerðum þeirra. Nemendur munu sjálfir sjá um að sá eða bera á áburð í tilraunareitina og taka út árangurinn síðar. Þannig verða nemendur virkir þátttakendur í vistheimtaraðgerðum og þar sem þær eru settar fram sem tilraun, munu þeir einnig læra vísindaleg vinnubrögð. Nemendur munu svo vinna úr gögnum sem þeir safna og kynna niðurstöður sínar í skólanum og fyrir nærsamfélaginu. Fræðsla, menntun og þátttaka ungmenna í að takast á við áskoranir í umhverfismálum á heimavelli eru á meðal lykilþátta í að stuðla að breyttum viðhorfum og umgengni alls samfélagsins við náttúruna. Verkefnið gæti í framtíðinni orðið líkan að umhverfisfræðslu á sviði vistheimtar í skólasterfi á Íslandi.

Umsagnir, álit og kærur

Eitt af mikilvægum hlutverkum félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála er að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum öflugt aðhald. Á yfirstandandi starfsári hefur Landvernd gefið álit sitt á fjölmörgum málum. Leitað hefur verið til samtakanna um umsagnir við fjölda lagafrumvarpa, þingsályktunartillaga, skipulagsmála sveitarfélaga og vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Landvernd skilaði af sér 23 umsögnum og álitum á liðnu starfsári, sem allar má finna á vefsíðu samtakanna.

Náttúruvernd

- Drög að frumvarpi til laga um náttúruvernd (umsögn).
- Ramsarsvæðið Mývatn/Laxá og Bjarnarflagsvirkjun (beiðni um íhlutun Ramsarskrifstofunnar, ásamt Fuglavernd).
- Þingsályktun um bann við útiræktun erfðabreyttra lífvera (umsögn með Kynningarátaki um erfðabreyttar lífverur).
- Frumvarp til laga um ný náttúruverndarlög (umsögn).
- Drög að mörkum og skilmálum breytinga á friðlýsingu Þjórsárvera (umsögn).
- Stjórnunarfyrrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs (skriflegt álit).

Verndar- og orkunýtingaráætlun

- Þingsályktun um verndar- og orkunýtingaráætlun (ítrekuð fyrri umsögn).
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (umsögn).

Orkumál, virkjanir og orkuver

- Tillaga HS-Orku að matsáætlun rannsóknaborhola í Eldvörpum (umsögn).
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fráveita affallsvatns frá orkuverinu í Svartsengi til sjávar skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum (kæra, ásamt Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands).

Raforkuflutningur og háspennulínur

- Áherslur Landverndar vegna stefnumótunar um lagningu raflína í jörð (álit sent ráðherranefnd).

- Seinni nefnd atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um lagningu raflína í jörð (nefndarseta).
- Stefnumótun nefndar um lagningu raflína í jörð (tillögur/álit, ásamt fulltrúa landeigenda).
- Tillaga Landsnets að matsáætlun Kröflulínu 3 (umsögn).

Samgöngumál

- Drög að tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi (umsögn).

Landnýting, landgræðsla og skógrækt

- Tillögur ráðherranefndar um inntak nýrra skógræktarlaga (umsögn).
- Tillögur ráðherranefndar um inntak nýrra landgræðslulaga (umsögn).
- Ítölugerð fyrir afréttarlandið Almenninga í Rangárþingi eystra, Rangárvallasýslu (krafa um yfirtölumat).

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana

- Frumvarp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum (umsögn).

Skipulagsmál

- Byggingarleyfi fyrir mannvirki til hýsingar fjarskiptabúnaðar og mastra á Ulfarsfelli (kæra).
- Tillaga Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu (umsögn ásamt þremur öðrum náttúruverndarfélögum).
- Tillaga að aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 (umsögn).

Menntamál

- Drög að námssviða- og námsgreinahluta nýrrar aðalnámskrár grunnskóla (umsögn).



Nefnd um lagningu raflína í jörð

Á starfsárinu átti Landvernd sæti í nefnd atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um stefnumótun um lagningu raflína í jörð. Nefndin skilaði skýrslu sinni til ráðherra í febrúar og samkomulag náðist um fjóra þætti á meðal þeirra fjölmörgu hagsmunaaðila sem sátu í nefndinni. Landvernd og fulltrúi landeigenda skiluðu ítarlegum tillögum inn til nefndarinnar. Stefnumótunarvinna í þessum málaflokki hefur nú þökast nokkuð áfram en er þó engan veginn lokið.

Fyrsta atriðið sem nefndin lagði til var að flýta innleiðingu þriðju raforkuflutningskerfisins Evrópuþingsins. Með tilskipuninni mun eftirlitsaðili á vegum stjórnvalda hafa með höndum eftirlit með áætlun um þróun flutningskerfisins til 10 ára í senn. Þetta myndi leysa þann hnút sem kerfisáætlun Landsnets er í, en í dag er hún undanskilin mati á umhverfisáhrifum áætlana, aðkoma hagsmunaaðila er engin og ekkert stjórnvald hvorki staðfestir hana né metur hversu raunhæf hún er. Kerfisáætlun Landsnets er því í raun eingöngu innanhússplagg fyrirtækisins um framkvæmdir í raforkuflutningskerfinu á Íslandi. Af þessum sökum tók Skipulagsstofnun kerfisáætlunina t.d. ekki til greina við gerð landsskipulagsstefnu í vetur.

Í öðru lagi lagði nefndin til, samkvæmt tillögu Landverndar og landeigenda, að svokölluð valkostagreining yrði gerð fyrir hverja og eina fyrirhugaða framkvæmd snemma í ferlinu. Í greiningunni þyrfti flutningsfyrirtækið að sýna fram á þörfina á framkvæmd, mismunandi útfærslur, þ.m.t. lagningu raflína í jörð eða í lofti, og láta fara fram þjóðhagslegt mat á framkvæmdinni. Ferlið yrði opnað fyrir athugasemdum og samráði við almenning og hagsmunaaðila.

Í þriðja lagi varð nefndin sammála um að á ákveðnum svæðum færi ætíð fram mat á umhverfisáhrifum jarðstrengs jafnt sem loftlínu, óháð því hvort kostnaður við annan möguleikann væri



umtalsvert dýrari en við hinn. Þessi svæði væru meðal annars i) náttúruverndarsvæði og svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, ii) við flugvelli þar sem loftlína getur haft áhrif á flugöryggi, iii) þar sem veðurálag er mikið og jarðstrengur gæti aukið afhendingaröryggi.

Fjórdða atriðið varðaði auknar rannsóknir á umhverfisáhrifum loftlína og jarðstrengja og mati á þjóðhagslegum áhrifum framkvæmda í raforkuflutningskerfinu. Ekki náðist samstaða um að raflínuframkvæmdir yrðu teknar inn í næsta áfanga rammaáætlunar.

Ungmennaráð á Nordisk Klima Seminar

Nokkrir félagar í Ungmennaráði Landverndar sóttu norræna ráðstefnu um loftslagsmál (Nordisk Klima Seminar) í Osló dagana 26.-28. október sl. Fjölmargir ungliðar í frjálsum félagasamtökum á Norðurlöndunum sátu einnig ráðstefnuna en norska ungliðahreyfingin Natur og Ungdom stóð fyrir henni. Í lok ráðstefnunnar gáfu ungliðarnir út sameiginlega ályktun um loftslagsmál.

Ályktunin inniheldur kröfur ungliða á Norðurlöndum til ríkisstjórna landa sinna um aukna ábyrgð og þátttöku í loftslagsmálum. Í ályktuninni er að finna ósk um skuldbindingar varðandi losun gróðurhúsalofttegunda innan ákveðins tímaramma, aukna aðstoð til þróunarlanda til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og samnorræna samstöðu í samningaviðræðum um loftslagsbreytingar á alþjóðavettvangi.



Félagar í Ungmennaráði Landverndar í Osló ásamt Óskari Steini Ómarsyni, starfsmanni Natur og Ungdom

Rekstrarreikningur ársins 2012

Rekstrartekjur:	2012	2011
Árgjöld ...	2.140.700	2.019.260
Almennir styrkir ...	6.885.000	8.000.000
Verkefnatengdir styrkir ...	25.228.130	22.447.056
Umsýslu- og aðstöðugjald ...	3.563.682	3.011.640
Aðrar tekjur ...	1.644.745	620.000
	<u>39.462.257</u>	<u>36.127.956</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld ...	7.185.132	7.577.053
Verkefnatengd gjöld ...	25.423.462	20.862.144
Önnur rekstrargjöld ...	7.469.269	6.666.611
Afskriftir ...	234.080	923.430
Fjármagnstekjuskattur ...	129.234	32.286
	<u>40.441.177</u>	<u>36.061.524</u>
Tekjur (halli) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði ...	(978.920)	66.432
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur ...	1.337.411	1.374.852
Fjármagnsgjöld ...	<u>(3.919)</u>	<u>(148.958)</u>
	1.333.492	1.225.894
Tekjur (halli) ársins ...	<u>354.572</u>	<u>1.292.326</u>



Efnahagsreikningur 31.12. 2012

Eignir	2012	2011
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðarnes II ...	10.190.386	10.383.574
Bifreið, áhöld og innréttingar ...	<u>207.148</u>	<u>248.040</u>
	10.397.534	10.631.614
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs ...	<u>16.884.282</u>	<u>16.596.497</u>
Fastafjármunir alls ...	27.281.816	27.228.111
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl. ...	680.000	680.000
Ýmsar kröfur ...	3.205.591	4.441.122
Handbært fé ...	<u>22.060.656</u>	<u>7.899.562</u>
Veltufjármunir alls ...	25.946.247	13.020.684
Eignir alls ...	<u>53.228.063</u>	<u>40.248.795</u>
Skuldir og eigið fé:	2012	2011
Eigið fé:		
Eigið fé ...	47.728.813	33.669.609
Skuldir :		
Skammtímaskuldir:		
Alviðrustofnun ...		
Ýmsar skammtímaskuldir ...	<u>5.499.250</u>	<u>6.579.186</u>
Skuldir alls ...	5.499.250	6.579.186
Skuldir og eigið fé, alls ...	<u>53.228.063</u>	<u>40.248.795</u>

Efri myndin er tekin á fjölsóttum baráttufundi um Reykjanesskaga í Tjarnarbíói. Neðri myndin er af Helenu Óladóttur stjórnarmanni Landverndar og gestum í náttúruskoðun við Alviðru.



Stiklur úr starfi Landverndar

Fjölgun félaga og félagsmanna

Félagsmönnum Landverndar fjölgaði um 36% á starfsárinu og eru nú um 750. Þrjú félög gengu í Landvernd, Sjálfbodaliðasamtök um náttúruvernd (SJÁ), Hraunavinir og Ungir umhverfissinnar.

Starfsfólk

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi Landverndar á starfsárinu.

Orri Páll Jóhannsson lét af störfum sem verkefnastjóri Skóla á grænni grein í desember eftir fjögurra ára farsælt starf.

Salome Hallfredsdóttir var ráðin í starf verkefnisstjóra Bláfánans og sem starfsmaður Skóla á grænni grein í september. Salome er kennari að mennt með meistaraáráði í umhverfisfræðum og sjálfbærri þróun frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Salome hefur áður starfað sem kennari, leiðsögumaður og hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar.

Rannveig Magnúsdóttir var ráðin í janúar í starf verkefnisstjóra jarðhitaverkefnis Landverndar og vistheimtarverkefnisins. Rannveig er að ljúka doktorsnámi í líffræði frá Háskóla Íslands og Oxford háskóla í Bretlandi. Hún hefur áður lokið mastersnámi í sama fagi frá HÍ og Deakin háskóla í Ástralíu og kvikmyndagerðarnámi frá Kvikmyndaskóla Íslands.

Eiríkur Valdimarsson þjóðfræðingur og landvörður starfaði í Alviðru sumarið 2012. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, meistaranemi í mannvistfræði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, starfaði sem starfsþjálfunarnemi í þrjá mánuði á Landvernd og Bryndís Woods, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ um tveggja mánaða skeið.

Varðliðar umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins sem er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur er haldin í áttunda sinn í ár. Samkeppnin hefur það að meginmarkmiði að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum. Nemendur í 5.-10. bekk allra grunnskóla á landinu geta tekið þátt. Í ár bárust 16 tilnefningar frá jafnmörgum grunnskólum, sem eru mun fleiri en síðastliðin ár. Dórnafnd hefur ekki lokið störfum en verðlaunin verða afhent á degi umhverfisins, 25. apríl.

Dagur íslenskrar náttúru

Landvernd tók þátt í degi íslenskrar náttúru þann 16. september í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur, Landssamtök hjólreiðamanna, Hjólafærni á Íslandi, Fuglavernd og Framtíðarlandið. Eftir var til hjólaævintýris á höfuðborgarsvæðinu, þar

sem hjólað var frá þremur stöðum og endað á hátíðardagskrá umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við Árbæjarsafn. Tæplega hundrað manns tóku þátt og nutu frásagnar sérfróðra af náttúruferjum og sögu um tíu staða á hjólaleiðunum.

Aðgerðir í loftslagsmálum með sveitarfélögum

Haustið 2012 lagði Landvernd drög að nýju loftslagsverkefni með sveitarfélögum þar sem áhersla verður lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Hlutverk Landverndar verður að veita faglega ráðgjöf og aðstoða sveitarfélög í að mæla losun, setja fram markmið um samdrátt og aðgerðaáætlun. Bryndís Woods meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ vann að þróun verkefnisins ásamt starfsfólki Landverndar. Stefnir er að því að hefja verkefnið í sumar.

Starfsemi í Alviðru

Landvernd réð landvörð í hlutastarf í Alviðru yfir sumartímann, Eirík Valdimarsson. Auk almennrar umhirðu á staðnum voru skipulagðar þrjár gönguferðir á Ingólfsfjall og þrjár um Öndverðarnes undir leiðsögn landvarðar. Þá var eftir til fjölskyldudagskrár í Alviðru um miðjan júlí þar sem Hrefna Sigurjónsdóttir og Helena Óladóttir úr stjórn Landverndar, ásamt Hjálmar A. Jónssyni frá Fuglavernd, stóðu fyrir fjölbreyttri náttúruskoðun, göngum og náttúruleikjum í fallegu umhverfi Alviðru og Öndverðarness. Í ágúst stóð Rannveig Thoroddsen fyrir plöntugreiningarnámskeiði á staðnum. Sjálfbodaliðar frá Sjálfbodaliðasamtökum um náttúruvernd unnu í tvo daga að viðhaldi stiga í Öndverðarnesi. Nokkrir hópar nýttu sér aðstöðuna í Alviðru yfir sumartímann til umhverfisfræðslu.

Samningur við HÍ um starfsþjálfun

Landvernd og meistaranámsbraut í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands gengu frá tveggja ára samningi um starfsþjálfun nemenda. Landvernd mun ráða einn til tvo nema á misseri til að vinna að sérstökum verkefnum sem nýtast starfi samtakanna og þróun verkefna. Nemendurnir fá einingar fyrir vinnu sína sem starfsfólk Landverndar og námsbrautarinnar hafa umsjón með.

Hollvinasamtök Kerlingarfjalla

Landvernd tók í vetur þátt í undirbúningi að stofnun Kerlingarfjallavina, hollvinasamtaka Kerlingarfjalla. Stofnfundur var haldinn í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum þann 12. mars sl. Markmið samtakanna er m.a. að kynna Kerlingarfjöll sem áningarstað ferðamanna og vinna að vernd svæðisins m.a. með því að merkja og styrkja gönguleiðir og styðja við rannsókn- og fræðslustarf á svæðinu. Fríða Björg Eðvarðsdóttir stjórnar- maður í Landvernd situr í fyrstu stjórn Kerlingarfjallavina.

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands

Landvernd er frjálst félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

Innan Landverndar eru 44 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 750 einstaklingar skráðir félagar. Samtökin voru stofnuð 1969.

Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 13. apríl 2013.




LANDVERND

Skólar á grænni grein




Jarðhitaverkefni



Bláfánar



Náttúruvernd



LANDVERND